

Upplýsingar fyrir þolendur afbrotá



Dóms- og kirkjumálaráðuneytið




Efni

Almennur ferill máls	5
Almennar upplýsingar	7
Lög um greiðslu ríkisins til þolenda afbrota . . .	17
Ýmis stuðningssamtök	21
Orðskýringar	23

Inngangur

Þegar brotapolí hefur kært afbrot til lögreglu fer af stað flókið og oft á tíðum langt ferli. Þar koma mörg embætti á vegum þess opinbera við sögu á ólíkum stigum málsins. Oft getur því verið erfitt fyrir þolendur afbrota að vita hvert þeir geta leitað til að fá svör við þeim mörgu spurningum sem vaknað geta við meðferð máls í kjölfar kæru. Í þessum bæklingi er reynt að svara hluta þeirra. Einnig verður leitast við að veita upplýsingar um þau samtök og stofnanir sem koma að þessum málum með einum eða öðrum hætti og geta veitt fyllri upplýsingar.

Almennur ferill máls



Almennar upplýsingar

Viðbrögð í kjölfar afbrots

Ef einstaklingur telur að brotið hafi verið gegn sér er mjög mikilvægt að hann kæri málið til lögreglu við fyrsta tækifæri. Æskilegast er að hið meinta afbrot sé tilkynnt til þeirrar lögreglustöðvar sem er í næsta nágrenni við brotið. Unnt er að tilkynna brotið í gegnum síma en lögregla óskar þess jafnan að viðkomandi komi á næstu lögreglustöð til skýrslutöku. Því lengri tími sem líður frá broti og þar til að málið er kært því erfiðara getur reynst að rannsaka það. Þá má einnig benda á að samkvæmt lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota nr. 69/1995 er það skilyrði greiðslu skaðabóta að brot, sem tjón er rakið til, hafi án ástæðulauss dráttar verið kært til lögreglu.

Hvert skal beina kæru?

Almenna reglan er sú að kært skuli til lögreglu. Samkvæmt lögum er þó heimilt að beina kæru til ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara eða annarra stjórnvalda sem falin hefur verið rannsókn mála. Æskilegast er þó að kærinni sé beint til lögreglu.

Kæra á hendur starfsmanni lögreglu

Leiti einhver til lögreglu til þess að kæra starfsmann hennar fyrir brot í starfi skal lögreglan taka við kærinni þótt starfsmaðurinn starfi hjá því lögregluliði sem kærandinn hefur leitað til. Lögregl-

unni er skylt að taka við kærunni og er ekki heimilt að vísa kær-
andanum annað með erindi sitt. Kæranda er þó heimilt að kæra
umrætt brot í öðru lögregluumdæmi hugnist honum það betur.
Lögreglunni ber ennfremur að skýra kæranda frá því að kæran
verði send ríkissaksóknara til meðferðar.

Hverjir geta kært?

Algengast er að kæra berist frá þeim sem brotið var á eða ein-
hverjum honum tengdum (t.d. forráðamönnum), sjónarvotti,
stjórnvöldum eða opinberum sýslunarmönnum (t.d. lögmönnum).

Form kæru

Þau lög sem fjalla um meðferð sakamála (opinber mál), eru lög
um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Í þeim lögum eru engar
reglur settar fram um form kæru. Kæran getur því verið hvort
heldur sem er munnleg eða skrifleg. Sé kæra borin fram munn-
lega er rétt að lögreglumaður skrái hana niður eftir kærandanum.
Lögregla er skyldug að taka við öllum kærum, hvort heldur þær
eru bornar upp á lögreglustöð eða í gegnum síma, ef þær á ann-
að borð heyra undir lögreglu.

Leiðbeiningarskylda lögreglu

Lögreglu er skylt eftir því sem við á að leiðbeina brotþola um
réttindi hans lögum samkvæmt og útskýra fyrir honum framhald
máls. Engin skylda hvílir á brotþola að ráða sér lögmann vegna
máls.

Komi í ljós við rannsókn máls að maður hafi beðið tjón vegna
brots skal sá sem fer með rannsókn gefa þeim manni kost á að
gera bótakröfu sem dæma má í væntanlegu máli og leiðbeina
honum um réttindi hans henni tengdri. Þá ber lögreglu ennfremur
að leiðbeina brotþola um rétt til greiðslu bóta skv. lögum nr.
69/1995, ef um líkamstjón er að ræða.

Talsmaður brotþola

Samkvæmt gildandi lögum er brotþola heimilt að ráða á sinn kostnað lögmann til að gæta hagsmuna sinna í máli sem talsmaður óski hann eftir slíkri aðstoð vegna kærú, rannsóknar eða meðferðar opinbers máls. Leiti brotþoli sér lögmannsaðstoðar við gerð bótakröfu á brotþoli rétt á því að sá kostnaður verði dæmdur í málinu ásamt kröfu hans. Talsmaður brotþola hefur sömu réttindi og skyldur og réttargæslumaður (sbr. síðar) eftir því sem við á. Meðan á rannsókn máls stendur getur dómari eða lögregla takmarkað rétt hans til að vera viðstaddur skýrslutöku af brotþola og kynna sér gögn ef hætta er á að rannsókn torveldist við það.

Brotþoli og réttargæslumaður

Brotþoli á rétt á löglærðum réttargæslumanni ef um kynferðisbrot er að ræða og brotþoli óskar þess. Lögreglu er þó endranær skylt að tilnefna brotþola réttargæslumann ef brotið er ofbeldisbrot eða brot gegn frjálsræði manna, brotþoli hefur orðið fyrir verulegu tjóni á líkama eða andlegu heilbrigði vegna brotsins og hann hefur að mati lögreglu sérstaka þörf fyrir réttargæslumann. Hlutverk réttargæslumanns er að gæta hagsmuna brotþola og veita honum aðstoð í málinu, þar á meðal að setja fram bótakröfu ef um tjón er að ræða. Réttargæslumanni er, meðan á rannsókn stendur, ætíð heimilt að vera viðstaddur þegar skýrsla er tekin af brotþola. Réttargæslumaður á einnig rétt á að vera viðstaddur öll þinghöld í málinu og að tjá sig upp að vissu marki fyrir dómi. Þóknun réttargæslumanns greiðist úr ríkissjóði.

Brotapoli yngri en 18 ára

Lögreglu ber ávallt að tilnefna réttargæslumann þegar grunur leikur á að framið hafi verið kynferðisbrot og brotapoli er yngri en 18 ára þegar rannsókn málsins hefst. Lögreglu ber enn fremur að leita atbeina dómara til að taka skýrslu af honum. Sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar vegna skýrslutöku af börnum sem hafa orðið fórnarlömb ofbeldis. Annars vegar er um að ræða sérstaka aðstöðu í Héraðsdómi Reykjavíkur til skýrslutöku barna. Þar tekur dómari vitnaskýrslur við barnvænlegri kringumstæður en tíðkast í dómsal. Hins vegar var tekið í notkun sérstakt Barnahús árið 1998 þar sem veitt er víðtæk þjónusta við rannsókn máls og skýrslugjöf barna.

Þá er lögreglu einnig skylt, þegar hún fær slíkt mál til meðferðar, að tilkynna það barnaverndarnefnd og gefa henni kost á að fylgjast með rannsókn málsins.

Réttur brotþola til að fá að vita um afdrif kæru til lögreglu

Þegar einhver hefur kært brot til lögreglu vill sá hinn sami jafnan vita hvað verður um afdrif kærunnar og hvaða ráðstafanir lögreglan hefur gert í tilefni hennar.

Ef lögregla telur að kæra þyki ekki veita tilefni til að hefja rannsókn er henni heimilt að vísa henni frá. Lögreglu er einnig heimilt að hætta rannsókn, sem hafin er, ef ekki þykir grundvöllur til að halda henni áfram eða í ljós kemur að kæra var ekki á rökum reist. Ef lögregla ákveður að hefja ekki rannsókn eða hætta rannsókn sem þegar er hafin er henni skylt að tilkynna kæranda að kæru hafi verið vísað frá eða rannsókn hafi verið hætt hafi hann hagsmuna að gæta. Brotapoli getur krafist þess að sú ákvörðun sé rökstudd. Lögreglu ber jafnframt að benda honum á að hann geti innan þriggja mánaða, frá því að ákvörðunin var tekin, borið hana undir ríkissaksóknara til endurskoðunar sem tekur þá fulln aðarákvörðun um hvort rannsókn skuli fara fram eða ekki.

Rannsókn mála

Með hugtakinu rannsókn er átt við þær aðgerðir lögreglu og ákærvalds, sem miða að því að upplýsa hvort framið hafi verið brot sem sæta eigi saksókn og hver hafi framið það.

Meginreglan er sú að rannsókn sakamála (opinberra mála) er í höndum lögreglu. Lögreglu er skylt hvenær sem þess er þörf að hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um að refsivert brot hafi verið framið hvort sem henni hefur borist kæra eða ekki. Misjafn tími getur farið í rannsókn mála. Eftir að mál er komið í hendur lögreglu sér hún alfarið um rannsókn þess. Markmið rannsóknar er að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar. Lögregla sé einnig um að leita þess sem grunaður er um brot, finna sjónarvotta og aðra sem ætla megi að borið geti vitni svo og hafa upp á sýnilegum sönnunargögnum. Þá skal rannsaka vettvang ef við á og yfirleitt öll ummerki sem kunna að vera eftir brot.

Óupplýst mál

Ef ekki tekst að sýna fram á hver það var sem framdi verknaðinn, þrátt fyrir rannsókn lögreglu, telst mál vera óupplýst. Komi fram nýjar upplýsingar eða gögn í málinu opnar lögreglan málið á ný til rannsóknar og málið fer í hefðbundinn farveg. Í þessu sambandi má benda sérstaklega á að samkvæmt lögum 69/1995 er heimilt að greiða brotaþola bætur þrátt fyrir að ekki sé vitað hver tjónvaldur er.

Niðurfelling máls

Þegar lögregla hefur lokið rannsókn máls og afhent ákærvaldi gögnin ber að athuga hvort sækja skuli hinn kærða til sakar eða ekki. Ef ákærandi telur að það sem fram er komið í málinu sé ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis getur hann fellt málið niður. Ákærandi þeim er tekur þá ákvörðun ber að tilkynna hana brotapolu. Brotapoli getur krafist þess að ákærandi rökstyðji niðurstöðu sína. Ef brotapoli vill ekki una við þau endalok málsins getur hann kært ákvörðunina til ríkissaksóknara innan eins mánaðar frá því að honum var tilkynnt um hana.

Niðurfelling saksóknar

Samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála er lögreglustjóra í ýmsum tilfellum heimilt að falla frá saksókn (t.d. ef mál er smávægilegt, sakborningur er ósakhæfur o.fl). Grunnforsenda niðurfellingar saksóknar er að mál sé upplýst með skilmerkilegum hætti og að fyrir liggja skýr og afdráttarlaus játning sakbornings. Tilkynna ber brotapolu þá ákvörðun og skal í tilkynningunni koma fram við hvaða lagaákvæði hún er studd. Brotapoli getur krafist þess að ákærandi rökstyðji niðurstöðu sína. Vilji brotapoli ekki una við þá ákvörðun getur hann kært hana til ríkissaksóknara innan eins mánaðar frá því honum var tilkynnt um hana.

Ákærvald

Handhafar ákærvalds eru ríkissaksóknari og lögreglustjórar, þar á meðal ríkislögreglustjóri. Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvaldsins.

Ríkissaksóknari skal, eftir því sem unnt er, fylgjast með því að þeir sem fremja brot séu beittir viðurlögum. Það er hlutverk ríkissaksóknara sjálfs að gefa út ákæru, þ.e. að „höfða opinbert mál“ ef um er að ræða alvarlegustu brotin sem almennt er kveðið á um

í almennum hegningarlögum, s.s. manndráp af ásetningi, stórfellda líkamsárás, öll kynferðisbrotum og rán. Ef um smærri brot er að ræða hafa einstakir lögreglustjórar (sýslumenn), í viðkomandi umdæmi þar sem brot er framið, jafnan ákærvald.

Aðgangur að gögnum

Hafi brotþoli ráðið sér talsmann eða honum verið skipaður réttargæslumaður eiga þeir einungis rétt á að fá aðgang að þeim gögnum máls sem þeim eru nauðsynleg til að gæta hagsmuna brotþola. Við þingfestingu máls fyrir dómi eiga þeir rétt á að fá aðgang að öllum gögnum þess nema dómari telji að það kunní að torvelða að mál upplýsist. Í því tilviki skulu þeir þó í síðasta lagi fá aðgang að gögnunum áður en málið er flutt.

Brotþoli sem ekki nýtur aðstoðar réttargæslumanns eða talsmanns á sama rétt á aðgangi að gögnum og greint er frá hér að framan.

Meðferð opinbers mál fyrir dómi

Hafi ákærandi ákveðið að gefa út ákæru er mál þingfest í héraðsdómi. Við þingfestinguna eru öll gögn málsins lögð fram, þar á meðal bótakrafa brotþola ef um hana er að ræða. Meðferð mála ræðst meðal annars af því hversu þung refsing liggur við því broti sem ákært er fyrir, hvort ákærði játar sekt og hvort hann mætir í þinghald. Opinberum málum getur lokið þannig að ákærði sækir þing og játar brot. Má þá ljúka málinu með viðurlagaákvörðun að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Ef máli er ekki lokið með játningardómi eða dæmt að ákærða fjarstöddum er það tekið til aðalmeðferðar. Við aðalmeðferð máls skulu að jafnaði fara fram munnlegar skýrslutökur og málflutningur. Brotþoli hefur réttarstöðu vitnis bæði hjá lögreglu og fyrir dómi og gefur því vitna-skýrslu við aðalmeðferð málsins.

Réttur brotþola til aðgangs að gögnum eftir að máli er lokið

Brotþola er heimilt að kynna sér rannsóknargögn opinbers máls sem er lokið nema sérstök sjónarmið til verndar sakborningi, vitnum eða öðrum aðilum mæli gegn því. Sama gildir um hvern þann sem sýnir fram á að hann hafi lögvarinna hagsmuna að gæta. Máli telst lokið samkvæmt ofangreindu þegar rannsókn þess hefur verið hætt, það hefur verið fellt niður vegna sönnun-arstöðu, fallið hefur verið frá saksókn, því verið lokið með sektar-gerð eða dómur fallið í því.

Heimild til að kynna sér gögn máls nær ekki til persónu-skýrslna, sakavottorða, ýmissa vottorða læknis eða annarra skjala eða skýrslna sem geyma sérstaklega persónulegar upplýsingar varðandi annan en þann sem óskar að kynna sér gögnin. Í lögum er að finna ýmsar takmarkanir á því hvernig viðkomandi aðili má hagnýta þær upplýsingar sem hann kemst að við lestur gagn-anna.

Eftir atvikum má heimila þeim, sem fær aðgang að gögnum máls, að ljósrita þau eða afrita að því marki sem nauðsynlegt er til að gæta lögvarinna hagsmuna. Hagnýting þeirra afrita sem að-illinn fær í hendur sætir einnig ýmsum takmörkunum samkvæmt lögum, s.s. varðandi frekari afritun þeirra og afhendingu þeirra til annarra aðila.

Beiðni um aðgang að gögnum skal beina skriflega til lögreglu-stjóra í því umdæmi þar sem rannsóknargögn eru geymd. Rök-styðja þarf beiðnina og tilgreina skal ástæður þess að farið er fram á að fá aðgang að gögnum og í hvaða skyni fyrirhugað er að nota gögn sem óskað er leyfis að ljósrita eða afrita. Sýnji lög-reglustjóri um aðgang að þeim gögnum sem beiðið er um, getur viðkomandi skotið þeirri ákvörðun til ríkissaksóknara. Tekur hann fullnaðarákvörðun í málinu. Lögreglustjórum ber að kynna þeim sem hann sýnjar um aðgang að gögnum þennan kærurétt.

Nálgunarbann

Með nálgunarbanni er átt við sérstakt úrræði sem ætlað er að vernda þá sem hafa orðið fyrir ofsóknum og ógnunum. Í því felst að unnt er að leggja svokallað nálgunarbann á þann sem veldur ofsóknum og ógnunum. Rökstudd ástæða þarf að vera fyrir hendi að ætla megi að sá er ofsóknunum veldur, muni fremja afbrot eða á annan hátt raska friði þess manns sem í hlut á. Í slíku banni felst að sá sem því sætir má ekki koma á tiltekinn stað eða svæði eða ónáða með einum eða öðrum hætti þann sem verndaður er af banninu. Við mat á því hvort framangreindum skilyrðum sé fullnægt verður að líta til fyrri hegðunar manns sem krafa beinist gegn og samskipta hans við þann sem vernda á með banninu. Skoða verður öll þau atriði sem veitt geta rökstudda vísbendingu um það sem koma skal eða kann að vera í vændum. Krafan verður að vera studd haldgóðum og áreiðanlegum gögnum. Það er lögreglan sem krefst þess fyrir dómi að maður sæti nálgunarbanni. Almennt er ekki gert ráð fyrir að slík krafa verði höfð uppi nema eftir beiðni þess sem njóta á verndar. Það er þó ekki skilyrði og því getur lögregla óbeðin krafist nálgunarbanns ef það þykir nauðsynlegt. Synjun lögreglustjóra í þessum efnum er kær-anleg til dómismálaráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um hana.

Vernd vitna

Eins og áður hefur komið fram hefur brotápoli réttarstöðu vitnis við meðferð máls hjá lögreglu og fyrir dómstólum. Ef kærði/ákærði reynir að hafa áhrif á framburð brotáþola hjá lögreglu eða fyrir dómi, með því að hóta honum, eða nánum vandamönnum hans, er mikilvægt að kæra slíkt þegar í stað til lögreglu. Hótanir sem þessar eru refsiverðar hvort sem þær eru hafðar uppi áður en vitni gefur skýrslu til að hafa áhrif á framburð þess eða í hefndarskyni eftir skýrslugjöf vitnis.

Svonefnd handrúkkun felur ekki endilega í sér brot gegn vitni en liður í þeirri starfsemi getur vissulega verið að hafa áhrif á vitni.

Þegar slíku ofbeldi eða hótun um ofbeldi er beitt felst einnig í því sú þvingun að þolandi og ef til vill aðrir honum nákomnir skýri ekki lögreglu frá innheimtuþvingun af þessu tagi. Allar hótanir sem til þess eru fallnar að vekja ótta um líf, heilbrigði eða velferð þess sem þeim er beint að, eða öðrum honum tengdum, eru refsiverðar. Því er mikilvægt að þær séu þegar í stað kærðar til lögreglu. Ef viðkomandi treystir sér hins vegar ekki til að kæra slíkar hótanir er þó brýnt að þær séu tilkynntar til lögreglu því slíkar upplýsingar geta reynst lögreglu mikilvægar.

Skadabætur og innheimta þeirra

Bótakröfur brotþola eru einkaréttarkröfur og er meginreglan sú að slíkar kröfur gegn tjónvaldi verði menn að reka sjálfir á eigin kostnað. Undantekningu frá þessu er að finna í lögum um meðferð opinberra mála en samkvæmt þeim má hafa uppi slíkar kröfur og dæma í þeim samhliða hinu opinbera máli. Lögregla skal leiðbeina brotþola um rétt hans vegna þessa. Brotþoli skal eftir þörfum afla gagna til stuðnings kröfu sinni, enda valdi það ekki verulegum tögum á rannsókninni. Dómari getur synjað um að taka bótakröfu til meðferðar í opinberu máli ef hann telur að það muni valda verulegri töf eða óhagræði í málinu. Auk bóta fyrir beint tjón og miska sem leitt hefur af verknaði er brotþola heimilt að gera kröfu um að sér verði dæmdur sá kostnaður sem hann hefur haft af því að halda fram kröfu sinni í málinu, svo sem vegna gagnaöflunar eða lögmannskostnaðar. Sá sem krefst bóta fer sjálfur með forræði kröfu sinnar að því leyti að henni verður ekki breytt án samþykkis hans. Dómari getur eftir atvikum gefið tjónþola eða umboðsmanni hans kost á að tjá sig um kröfuna og skýra hana ef slíkt veldur ekki tögum í málinu. Telji dómari þörf sérstaks málflutnings um kröfuna og að ekki sé unnt að láta hann fara fram er honum heimilt að vísa kröfunni frá dómi. Brotþoli á þá þann möguleika að höfða einkamál á hendur tjónvaldi eða eftir atvikum beina kröfu til bótanefndar samkvæmt lögum um greiðslu ríkissjóðs til þolenda afbrota.

Lög um greiðslu ríkissjóðs til þolenda afbrota

Samkvæmt lögum nr. 69/1995 greiðir ríkissjóður bætur vegna líkamstjóns og miska. Sama gildir um tjón á fatnaði og öðrum persónulegum munum, þar á meðal lágum fjárhæðum í reiðufé, sem tjónþoli bar á sér þegar líkamstjóninu var valdið. Úrræði þetta bætir einungis það tjón sem rakið er til líkamsárásar en ekki til dæmis tjón vegna eignarspjalla og þjófnaðar. Skilyrði greiðslu bóta er að tjónið megi rekja til brots á almennum hegningarlögum, brotið sé kært án ástæðulauss dráttar til lögreglu og að tjónþoli hafi gert kröfu um greiðslu skaðabóta úr hendi hins kærða. Heimilt er að greiða bætur þótt ekki sé vitað hver tjónvaldur er, hann sé ósakhæfur eða finnist ekki.

Meginreglan er sú að umsókn um bætur verður að berast til bótanefndar hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu innan tveggja ára frá því að brot var framið. Unnt er að senda inn umsókn þó að mál sé enn í rannsókn til þess að rjúfa ofangreindan tímafrest, en málið er ekki tekið til afgreiðslu bótanefndar fyrr en endanleg niðurstaða liggur fyrir hjá lögreglu, ákærvaldi eða dómstólum. Ekki er hægt að koma að kröfu um bætur vegna brots sem framið hefur verið fyrir 1. janúar 1993. Umsókninni skal fylgja sundurliðuð og rökstudd bótakrafa auk annarra gagna til stuðnings kröfunni. Rétt er að geta þess að bætur vegna einstaks verknaðar eru ekki greiddar nema að höfuðstóll kröfu sé 100.000 krónur eða hærri. Samkvæmt lögum nr. 69/1995 er lögreglu skylt að leiðbeina brotþola um rétt hans til greiðslu bóta skv. lögnum.

Nánar um feril bótakrafna

1. Mál er kært til lögreglu.
2. Brotapoli eða fulltrúi hans kallar eftir gögnum frá lögreglu, þ.e.a.s. lögregluskýrslum, áverkavottorði ef um er að ræða líkamsárás, og öðrum gögnum.
3. Brotapoli/lögmaður safna saman gögnum málsins, t.d. rannsóknargögnum frá lögreglu, kvittunum vegna kostnaðar sem brotapolí hefur þurft að greiða vegna tjónsins, m.a. kvittunum vegna kostnaðar við slysadeild, skemmda á fatnaði, og staðfestingu frá vinnuveitenda ef brotapolí var frá vinnu ef um líkamsárás er að ræða. Einnig kvittun vegna viðgerða og kostnaðarmat ef um eignatjón er að ræða.
4. Brotapoli/lögmaður útbýr bótakröfu málsins ásamt dráttarvöxtum, sem byggjast á útlögðum kostnaði, þjáningabótum, miskabótum ofl.
5. Bótakrafan send lögreglu og birt sakborningi áður en ákæra er gefin út. Ákærvaldið rekur málið fyrir dómstólum og hefur forræði á málinu en bótakröfunni verður þó ekki breytt án heimildar tjónþola.
6. Lögmaður brotþola eða brotapolí sjálfur sendir bótanefnd um greiðslu á bótum til þolenda afbrota beiðni um greiðslu frá ríkissjóði, ef um er að ræða líkamsárás.
7. Beið eftir dómi héraðsdóms vegna málsins og ákvarðast framhald málsins eftir niðurstöðu hans.
8. Tvær leiðir eru í framhaldinu. Ef dómur fellur um bótafjárhæð sendir brotapolí eða lögmaður hans dóminn til bótanefndar og brotapolí fær þá eftir atvikum greiðslu úr ríkissjóði. Ef sýknað er í málinu getur verið unnt að fara í almennt skaðabótamál.

Ýmis stuðningssamtök utan og innan ríkisstofnanna

Stígamót

Stígamót eru óformleg grasrótarsamtök kvenna sem hófu starfsemi sína 8. mars 1990. Starfskonur Stígamóta veita ekki eingöngu persónulega ráðgjöf í formi viðtala, heldur fer ennfremur fram umfangsmikið ráðgjafarstarf í gegnum síma. Stuðningur og ráðgjöf starfskvenna Stígamóta er ekki eingöngu bundinn við þolendur kynferðisofbeldis. Aðstandendur þolenda, svo sem foreldrar, makar og vinir geta einnig fengið stuðning og ráðgjöf á Stígamótum óski þeir þess.

Barnahús

Barnahús hóf starfsemi sína 1. nóvember 1998. Barnahús er hannað sérstaklega til að mæta þörfum barna, sem grunur leikur á að hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Mjög góð aðstaða er í húsinu bæði fyrir börnin og þá sem þeim fylgja. Í Barnahúsi er sérútbúið viðtalsherbergi til rannsóknviðtala eða skýrslutöku. Upphaf mála er oftast að barnaverndarnefnd leitir ráðgjafar hjá sérfræðingum Barnahúss vegna gruns um kynferðisbrot gegn barni. Getur það leitt til þess að máli er vísað í Barnahús strax í upphafi til vinnslu eða að ráðgjöfin leiðir til annarrar úrlausnar hjá nefndinni. Verkefnum Barnahúss má skipta í ráðgjöf við upphaf máls, leiðbeiningar við könnun máls, könnunarviðtal eða skýrslutöku, framkvæmd viðtala, læknisskoðun, greiningu og meðferð.

Kvennaathvarf

Samtök um kvennaathvarf voru stofnuð 2. júní 1982 af konum úr ýmsum kvannahreyfingum og konum sem höfðu kynnst áhrifum heimilisofbeldis í starfi sínu. Kvennaathvarfið er neyðarathvarf og heimili fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna andlegs eða líkamlegs ofbeldis eiginmanns, sambýlismanns eða annarra heimilismanna. Athvarfið er einnig ætlað fyrir konur sem verða fyrir nauðgun. Dvölin í athvarfinu er ætluð til skamms tíma. Allt starfsfólk Kvennaathvarfsins er sérstaklega þjálfað í því að hlúa að og taka á móti þeim sem orðið hafa fyrir ofbeldi. Allar starfskonur athvarfsins eru bundnar þagnarskyldu sem helst þó að látið sé af störfum. Nafnleynd er viðhöfð um alla þá sem leita eða hringja í athvarfið og aldrei er gefið upp hvort kona dvelur í athvarfinu nema hún biðji sérstaklega um það.

Neyðarmóttaka vegna nauðgana

Neyðarmóttaka vegna nauðgana var opnuð á slysa- og bráðasviði Landsspítala- Háskólasjúkrahúss 8. mars 1993. Frá upphafi hefur hún starfað sem þverfaglegt teymi ýmissa starfsstétta sem allar leitast við að sinna brotapolum sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Fer sú vinna fram á forsendum brotþola. Vitað er að það áfall sem getur orðið í kjölfar slíks ofbeldis getur leitt til langvarandi heilsutjóns bæði andlegs og líkamlegs síðar á ævinni ef ekkert er að gert. Það er markmið þjónustunnar að hlúa að og styðja þá sem til hennar leita, skoða og veita meðferð, safna sakargögnum og útbúa skýrslu með stöðluðum hætti sem síðar er hægt að nýta ef brotþoli ákveður að kæra brotið. Við Neyðarmóttökuna starfar fjöldi lækna, ráðgjafa, sálfræðingar og lögmennt, og fær allt starfsfólkið sérstaka þjálfun í upphafi og síðan reglulega endurmenntun á námstefnum og ráðstefnum. Lögfræðingar þeir sem starfa hjá Neyðarmóttökunni aðstoða fórnarlömbin með því að veita þeim lögfræðilega ráðgjöf, annast kröfugerð vegna skaðabóta og miskabóta og mæta með þeim fyrir dóm ef þurfa þykir.

Orðskýringar

Ákærandi

Ákærandi er ríkissaksóknari, lögreglustjórar (sýslumenn), þar á meðal ríkislögreglustjóri. Það er þeirra að taka afstöðu til þess hvort opinbert mál skuli höfðað á hendur sakborningi með útgáfu ákæru eða því lokið með öðrum hætti.

Brotapoli

Með brotapola er átt við þann einstakling sem brotið er gegn með refsiverðum verknaði. Brotapoli getur þannig t.d. verið eigandi bifreiðar sem er skemmd eða maður sem verður fyrir líkamsárás.

Kæra

Með kæru er átt við tilkynningu til lögreglu um að meintur refsiverður verknaður hafi verið framinn.

Ákæra

Ákæra er málshöfðun á hendur sakborningi í opinberu máli, útgefin af handhafa ákæruvalds.

Höfuðstóll kröfu

Með höfuðstól kröfu er átt við samanlagða fjárhæð þess tjóns sem brotapoli hefur orðið fyrir vegna málsins. Tjónið getur m.a. samanstðið af kostnaði vegna lækniþjónustu, skemmda á fatnaði eða eignum, varanlegu líkamstjóni, launamissi ef brotapoli hefur verið frá vinnu o.sv.frv.

Lögmælt viðurlög

Hér er átt við þær refsingar sem liggja við afbrotum samkvæmt lögum. Samkvæmt hegningarlögum eru refsingar tvenns konar: fangelsi og fésektir. Svípting ökuréttar og upptaka eigna eru hins vegar dæmi um refsikennd viðurlög.

Réttargæslumaður

Lögfræðingur sem hefur það hlutverk að gæta hagsmuna brotþola og veita honum aðstoð í málinu, þar á meðal að setja fram skaðabótakröfu.

Sektargerð

Þegar lögreglustjóri gefur sakborningi kost á að ljúka máli með því að gangast undir tiltekin viðurlög, t.d. sektargreiðslu.

Viðurlagaákvörðun

Ef ákærði játar brot sitt fyrir dómi er ákæranda heimilt að gefa honum kost á að ljúka máli með því að hann gangist undir sekt sem greiðist innan tiltekins tíma ásamt sakarkostnaði. Fallist ákærði skriflega á slík málalok og dómari telur viðurlög hæfileg getur dómari lokið máli með ákvörðun sinni um þau viðurlög.

Ýmsar gagnlegar upplýsingar veita:

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

Arnarhvoli
150 Reykjavík
sími. 545-9000
postur@dkm.stjr.is
www.domsmalaraduneyti.is

Ríkissaksóknari

Hverfisgötu 6
150 Reykjavík
sími. 530-1600

Ríkislögreglustjóri

Skúlagötu 21
101 Reykjavík
sími. 570-2500
www.rls.is

Lögreglustjórinn í Reykjavík

Hverfisgötu 113-115
150 Reykjavík
Sími 569-9000
www.lr.is



Dóms- og kirkjumálaráðuneytið